

**REGLUGERÐ****um bann við línu- og handfæraveiðum í norðanverðum Faxaflóa.**

## 1. gr.

Frá og með 11. febrúar 1988 til og með 31. mars 1988 eru allar veiðar með línu- og handfærum bannaðar í norðanverðum Faxaflóa norðan línu, sem dregin er úr Þormóðsskeri í Gölt.

## 2. gr.

Brot á reglugerð þessari varðar viðurlögum samkvæmt lögum nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotinu, skal farið að hætti opinberra mála.

## 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 6. febrúar 1988.*

F.h.r.

**Árni Kolbeinsson.**

*Jón B. Jónasson.*

**REGLUGERÐ****um línu- og netasvæði út af Faxaflóa og Suðvesturlandi.**

## 1. gr.

Á tímabilinu frá og með 15. febrúar 1988 til og með 15. maí 1988 eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði, sem að sunnan markast af línu, sem dregin er réttvísandi 270° frá Stafnesvíta. Að vestan markast svæðið af 23° 42'0 V og að norðan af 64° 20'0 N.

## 2. gr.

Á tímabilinu frá og með 5. apríl 1988 til og með 15. maí 1988 eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði, sem markast af línunum, sem dregnar eru á milli eftirgreindra punkta:

- a) 63° 10'0 N, 22° 00'0 V.
- b) 63° 25'3 N, 22° 00'0 V.
- c) 63° 33'7 N, 23° 03'0 V.

## 3. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.